

stiptsbókasafninu fjóra bókaskápa, sem heyra til bókasafni lærða skólans, en eigi þarf á að halda, síðan þetta bókasafn var flutt.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, til leiðbeiningar og svo þér kunnngjörð það, að stjórnarráðið hefir veitt 500 rd. styrk til að stækka húsrúm stiptsbókasafnsins, og til þess að samin verði skrá yfir bækur safnsins. Fø þetta megið þér taka úr jarðabókar-sjóðnum, og skal því varið á þann hátt, sem þér hafið stungið uppá, það er að segja: 200 rd. á þessu fjárhagsári til að stækka húsrúm safnsins og 150 rd. til launa fyrir að semja bókaskrána; en á næsta fjárhagsári má taka út það, sem eptir er af laununum fyrir þetta verk, en það er 150 rd. Þess skal enn getið, að stjórnarráðið mun reyna að fá konungs leyfi fyrir, að verja megi 200 rd. af tekjum stiptsbókasafnsins á árunum 1870—1874 til að borga prentunar-kostnaðinn, í stað þess að keypt verði skulda-bréf fyrir þá; og að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir ekki neitt á móti, að bókaskáparnir sè gefnir stiptsbóka-safninu.

1870.

9. júlí.

## 70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á afgangi af nokkrum jörðum Kirkjubæjar klausturs.

9. júlí.

Með bréfi, dagsettu 22. oktobrm. f. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skoðunargjörð um það tjón, sem jarðir Kirkjubæjar klausturs, Hátún, Dalbær, Uppsalur og Fagurhlíð, hafa beðið af sandfoki um veturinn 1868—69, og mælt fram með því, samkvæmt uppástungu hlutadeiganda umboðsmanns, að landsetum á þessum jörðum verði um tvö næstu ár veitt sú lækkun á afganginu af jörðunum, sem hér skal getið:

- |    |                                       |         |
|----|---------------------------------------|---------|
| 1. | landsetanum Hreiðari á Hátúni . . . . | 15 áln. |
| 2. | — Sigurði í Dalbæ . . . .             | 20 -    |
| 3. | — Jóni á Uppsölum . . . .             | 10 -    |
| 4. | — Ólafi í Fagurhlíð . . . .           | 13 - ,  |

er hver alin af öðrum helmingnum talin 8 sk. virði, en af hinum

1870.

9. júlí.

er hvert álnarvirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjóri og tólg, og er svo ráð fyrir gjört, að ný skoðunargjörð á jörðum þessum skuli fara fram að tveim árum liðnum, og þar eptir skuli ákveðið, hvort þessi linun eigi þá að haldast við eptirleiðis eða falla niður.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið leyfir eptir atvikum, að hinum nefndu landsetum verði veitt sú lækkun á afganginu um tvö ár, sem þér hafið stungið uppá, en þaðan af verða þeir að gjalda í leigur og landskuld það, sem tiltekið er í byggingarbréfum þeirra.

9. júlí.

### 71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um linun í eptirgjaldi af klausturjörðunni Klauf.

Í bréfi 28. febr. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að yður hafi borizt bænarskrá frá ábúandanum á jörðinni Klauf, sem heyrir undir umboð þykkvabæjarklausturs, Runólfi Sveinssyni. Samkvæmt úrskurðum stjórnarráðsins, dags. 19. ágústm. 1861<sup>1</sup> og 17. ágústm. 1865, var honum um stundar sakir veitt sú linun í afgangi því, er hann á að greiða af jörðunni, að honum leyfðist að borga afgangið eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagskránni, í stað þess að greiða það eptir meðalverði á ull, smjóri og tólg; en nú hefir hann sókt um, að þessi linun, sem nú er á enda, megi haldast við enn um fimm hin næstu ár frá fardögum 1870, þaræð ábúðarjörð hans á hverju ári eyðist meir og meir af sandfoki og vatnsflóði, og hafið þér stungið uppá, samkvæmt meðmælingum hlutaðeiganda umboðsmanns, að þessi bæn veitist sækjanda.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og

<sup>1</sup>) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 502.